

# Fundargerð 868. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2019, föstudaginn 22. febrúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Skúli Þór Helgason í fjarveru Heiðu Bjargar Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Haraldur Sverrisson í fjarveru Gunnars Einarssonar, Adda María Jóhannsdóttir í fjarveru Guðmundar Ara Sigurjónssonar, Rakel Óskarsdóttir, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir í fjarveru Bjarna Jónssonar, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson í fjarfundarbúnaði og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Í byrjun fundar bauð formaður Halldóru Lóu Þorvaldsdóttir og Öddu Maríu Jóhannsdóttur velkomna á sinn fyrsta stjórnarfund. Einnig lagði hún til breytingu á dagskrá, sem var samþykkt samhljóða, þar sem liður um vinnu starfshóps um endurskoðun samþykta sambandsins er felldur út og umfjöllun frestað til næsta fundar svo formaður nefndarinnar geti fylgt málinu eftir.

### 1. Fundargerð 867. fundar - 1810033SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 867. fundar stjórnar sambandsins frá 25. janúar 2019.

*Fundargerðin var staðfest og undirrituð.*

### 2. Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2018 - 1812001SA

Lagður fram ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2018, sbr. 6. tölulið fundargerðar 867. fundar stjórnar sambandsins.

Á fundinn kom Auðunn Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. 22. febrúar 2019 og áritaði jafnframt reikninginn sem óháður endurskoðandi sambandsins.

*Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning sambandsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.*

### 3. Ársreikningur Bakhjarls sambandsins 2018 - 1812002SA

Lagður fram ársreikningur Bakhjarls Sambands Íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2018, sbr. 7. tölulið fundargerðar 867. fundar stjórnar sambandsins.

Á fundinn kom Auðunn Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. 22. febrúar 2019 og áritaði jafnframt reikninginn sem óháður endurskoðandi sambandsins.

*Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning Bakhjarls Sambands Íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2018 með undirritun sinni.*

### 4. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 1810076SA

Lögð fram fundargerð 33. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 29. janúar 2019. Einnig lagt fram vegna 1. liðar fundargerðarinnar, drög að erindisbréfi skipulagsmálanefndar, dags. 7. janúar 2019. Á fundinum voru einnig lögð fram drög að dagskrá málþings um loftslagsmál sem sambandið mun halda 28. mars nk.

*Stjórn sambandsins samþykkti erindisbréf skipulagsmálanefndar og lýsir yfir ánægju með drög að dagskrá málþings um loftslagsmál.*

### 5. Fræðslumálanefnd sambandsins - 1810078SA

Lögð fram fundargerð 118. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 13. febrúar 2019.

Eybór Laxdal Arnalds vék af fundi kl. 13:05.

### 6. Drög að dagskrá landsþings sambandsins - 1811034SA

Lögð fram drög að dagskrá XXXIII. landsþings sambandsins sem haldið verður 29. mars 2019.

*Stjórn sambandsins samþykkti framlögð drög að dagskrá XXXIII. landsþings sambandsins með lítilsháttar breytingu og fól framkvæmdastjóra að boða þingfulltrúa til þings þann 29. mars nk. í Reykjavík.*

### 7. Drög að umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna - kosningaaldur - 1902021SA

Lögð fram drög að umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 18. febrúar 2019, um frumvarp um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, 356. mál.

Einnig lögð fram samantekt á þeim umsögnum sem bæst hafa við á vef Alþingis undanfarna daga, dags. 22. febrúar 2019.

*Sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs falið að lagfæra umsögnina m.v. umræður á fundinum og senda hana til stjórnarmanna til samþykktar áður en hún verður send til Alþingis.*

**8. Skjalavarsla sveitarfélaga - 1901004SA**

Lagt fram bréf stjórnar Félags héraðsskjalavarða, dags. 29. janúar 2019, um skjalavörslu sveitarfélaga.

*Stjórn sambandsins vísaði til fyrri afgreiðslu stjórnar á málinu frá 867. fundi þar sem samþykkt var taka málið aftur til umfjöllunar þegar úrbótaáætlanir héraðsskjalsafna liggja fyrir.*

**9. Staða kjaramála - 1902034SA**

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 20. febrúar 2019, um stöðu kjaramála í febrúar 2019.

**10. Sveitarfélögin og heimsmarkmiðin - kynningarfundur - 1706037SA**

Lagt fram minnisblað samskiptastjóra sambandsins, dags. 19. febrúar 2019, um kynningarfund um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

*Stjórnin lýsir yfir ánægju með vel heppnaðan fund um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og samþykkir að kannað verði af hálfu sambandsins hvort áhugi sé hjá sveitarfélögum að setja á fót samstarfs- og samráðsvettvang sveitarfélaga, sem hefði það hlutverk að marka sameiginlega stefnu eða sýn sveitarfélaganna á heimsmarkmiðin og innleiðingu þeirra.*

**11. Tilnefning í starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina - 1901049SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 30. janúar 2019, þar sem Berglind Eva Ólafsdóttir, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefnd til áframhaldandi setu sem aðalmaður í starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina 2019-2022, og er Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, tilnefndur til áframhaldandi setu sem varamaður.

**12. Tilnefning í starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina - 1901050SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 30. janúar 2019, þar sem Berglind Eva Ólafsdóttir, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, eru tilnefnd til áframhaldandi setu sem aðalmaður í starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina frá 2019-2022, og er Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, tilnefndur til áframhaldandi setu sem varamaður.

**13. Endurtilnefning í samstarfsráð um símenntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda - 1606054SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 30. janúar 2019, þar sem Helgi Arnarson, fræðslustjóri Reykjanesbæjar, er tilnefndur í samstarfsráð um símenntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda, í stað Þorsteins Hjartarsonar, sem beðist hefur lausnar.

**14. Tilnefning í siglingaráð - 1902025SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 12. febrúar 2019, þar sem Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri í Húnaþingi vestra, er tilnefnd sem aðalmaður í siglingaráð, og Bryndís Sigurðardóttir, sveitarstjóri á Tálknafirði, til vara.

**15. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019-2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess - 1901044SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 28. janúar 2019, um tillögu til þingsáætlunar um áætlun fyrir árin 2019-2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess, 409 mál.

**16. Umsögn um frumvarp til laga um Náttúruhamfaratryggingu Íslands - skýstrókar - 1901047SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 30. janúar 2019, um frumvarp til laga um Náttúruhamfaratryggingu Íslands, nr. 55/1992, með síðari breytingum (skýstrókar) 183. mál.

**17. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um skráningu einstaklinga - 1901045SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 31. janúar 2019, um drög að frumvarpi til laga um skráningu einstaklinga.

**18. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á upplýsingalögum - 1901035SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 31. janúar 2019, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á upplýsingalögum nr. 140/2012.

**19. Umsögn við áform um breytingu á lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla - 1809018SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 4. febrúar 2019, við áform um lagabreytingar um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

**20. Umsögn við áform um lagasetningu - meðferð ríkisaðstoðarmála - 1902004SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 4. febrúar 2019, við áform um lagasetningu - meðferð ríkisaðstoðarmála.

**21. Umsögn um frumvarp til laga um skipulags- og mannvirkjamál á Alþingissvæðinu - 1901058SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 8. febrúar 2019, um frumvarp um skipulags- og mannvirkjamál á Alþingissvæðinu, 147. mál.

**22. Umsögn um frumvarp til laga um ökutækjategyggingar - 1901060SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 14. febrúar 2019, um frumvarp til laga um ökutækjategyggingar, 436. mál.

**23. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál - 1902031SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 19. febrúar 2019, um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012.

**24. Umsögn um drög að reglum um sérkröfur til skólabifreiða - 1902009SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 19. febrúar 2019, um drög að reglum um sérkröfur til skólabifreiða.

**25. Frumvarp til laga um Þjóðarsjóð - 1809042SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 19. febrúar 2019, þar sem vakin er athygli þingnefndarinnar á meðfylgjandi umsögn sambandsins um áform um setningu laga um Þjóðarsjóð, dags. 24. september 2018.

**26. Áherslur gagnvart ferðapjónustu í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2018-2022 - 1902020SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 14. febrúar 2019, um áherslur gagnvart ferðapjónustu í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2018-2022.

**27. Ábendingar til starfshóps um gerð orkustefnu - 1812032SA**

Lagðar fram til kynningar ábendingar sambandsins til starfshóps- um gerð orkustefnu, dags. 26. janúar 2019.

**28. Sameyki stéttarfélag í almannapjónustu - 1902016SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sameykis stéttarfélags í almannapjónustu, dags. 29. janúar 2019.

**29. Endurskoðun fylgiskjals reglugerðar um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga - 1802059SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 1. febrúar 2019, vegna breytinga á fylgiskjali reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

**30. Niðurstöður ráðstefnumats fjármálaráðstefnu 2018 - 1511181SA**

Lagðar fram til kynningar niðurstöður mats þátttakenda á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2018, dags. 10. desember 2018.

**31. Fréttabréf hag- og upplýsingasviðs sambandsins - 1601016SA**

Lagt fram til kynningar fréttabréf hag- og upplýsingasviðs sambandsins, 1. tbl. 2019, um fjárhagsáætlanir A-hluta sveitarfélaga 2019-2022.

**32. Niðurstöður könnunar um vinnuskóla fyrir ungmenni - 1902015SA**

Lögð fram til kynningar skýrsla umboðsmanns barna um niðurstöður könnunar um vinnuskóla fyrir ungmenni, dags. 1. janúar 2019.

*Samþykkt að senda skýrsluna til allra sveitarfélaga.*

**33. Skýrsla samstarfshóps um félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði - 1810027SA**

Lögð fram skýrsla samstarfshóps Félags- og barnamálaráðherra um félagsleg undirboð á brotastarfsemi á vinnumarkaði, dags. 1. janúar 2019.

Fundi var slitið kl. 14:25

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Skúli Þór Helgason

---

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

---

Eypór Laxdal Arnalds

---

Haraldur Sverrisson

---

Adda María Jóhannsdóttir

---

Rakel Óskarsdóttir

---

Halldóra Lóa Porvaldsdóttir

---

Kristján Þór Magnússon

---

Jón Björn Hákonarson

---

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

---

framkvæmdastjóri

---

ritari